

Latína í 4. bekk (LATÍ1MÁ09) skólaárið 2025 – 26

Í latínu á fyrsta ári eru kenndar fjórar kennslustundir á viku. Meginmarkmið námskeiðsins er að nemendur læri undirstöðureglur latneskrar beygingafræði og helstu grunnatriði í setningafræði. Mjög mikilvægt er að nemendur læri beygingafræði og orðaforða jafnt og þétt frá upphafi skólaárs og temji sér skipuleg vinnubrögð. Heimanám er forsenda fyrir góðum árangri.

Þýddir verða stuttir kennslubókartextar, einstakar setningar og málshættir og greindir málfræðilega og beygingafræði og orðaforði æfður með því að þýða setningar úr íslensku á latínu. Fjallað verður um menningu og sögu Rómverja og tengsl latínu við nútímamál í samræmi við lesefni.

Námsefni: Latnesk lestrarbók og Latnesk málfræði eftir Kristin Ármannsson auk ítarefnis frá kennara sem safna skal í möppu.

Námsmat: Tvær skriflegar æfingar verða á hvoru misseri (nákvæmar dagsetningar ákveðnar í samráði við nemendur), auk reglulegra styttri æfinga og skilaverkefna. Engin hjálpargögn eru leyfð á prófum.

Jólapróf: Skriflegt próf í 90 mínútur. Engin hjálpargögn leyfð.

Námseinkunn byggir jafnt á meðaltali úr skriflegum æfingum beggja missera, jólaprófseinkunn og ástundun (heimavinnu, verkefnaskilum og þátttöku í tímum).

Vorpróf eru tvenns konar:

Nemendur sem stefna á fornmaladeild taka skriflegt próf úr námsefni vorannar.

Nemendur sem stefna á nýmaladeild taka stúdentspróf að vori úr öllu námsefni skólaársins.

Engin hjálpargögn leyfð.

Námsáætlun þessi er birt með fyrirvara um breytingar